

# Siglfirðingur

Blað Sjálfstæðismanna í Siglufirði,

IX. árg.

Siglufirði, laugardaginn 4. apríl 1936

7. tbl.

## Sophus A. Blöndal.

Dáinn 22. marz 1936.

### In memoriam.

Það var stórhrið og allt var að sökkva í djúpa snjókingi. Stormurinn ýlfraði um húsbekjurnar.

Mönnum var tæpast fært úti.

En í veðrinu var samt dauðinn á gangi og vék sér til þín.

Til þín, sólskinsdrengsins.

Og nú kemur sólin úr jafndægrinu með vor og líf. — Og þá ert þú farinn.

Reyndar hafði dauðinn löngu áður gefið þér hornauga á förnum vegi. En að hann skyldi ráðast svo freklega á jafn stæltan og glæsilegan mann, það undrar mig.

Pegar eg sá þig fyrst varst þú sannarlega fríður og horskur. Allir veittu þér eftirtækt. Brosið var hjótt og upplitið hjótt og þú laðaðir menn að þér.

Svo kom með kynningunni þú-mennskan í ljós.

Og söngvinn varst þú og ljóðelskur. Stundum hrutu visur og það stóð á sama hvaða hljóðfæri þér var fengið, þú togaðir lagið úr því. Þú skildir það og það skildi þig.

Þú varst oft máldjafur, en alltaf kurteis. Eg hefi aldrei heyrt þig anza bakmælgis um mann. Þvertakið. Aptur á móti lagðir þú liðsinni oft þeim, sem urðu á harðbalanum.

En stundum skaut fram þjarna úr augunum, er þér datt eitthvað hnittið í hug. Og það var ekki ósjaldan. Þú hlóst við snöggvast



*Sophus A. Blöndal.*

það var græskulaust og engin beizkja í hlátrinum.

Svona man eg eftir þér, eftir því sem eg kem orðum að mínum hugsunum og tilfinningum.

Eg sakna þín, en það þýðir ekki að deila við dómarrann.

En aðrir sakna þín ennþá miklu sárar.

Guð taki þig til sín og huggi þá sem þér voru hjartfólgnastir.

Sophus A. Blöndal var fæddur 5. nóvember 1888, sonur Björns Blöndals, héraðslæknis á Hvamms-tanga og konu hans frú Sigríðar f. Möller.

Björn var sonur Gunnlaugs

Blöndal sýslumanns í Barðastranda-sýslu, en móðir Björns, amma Sophusar hét Sigríður og var dóttir Sveinbjarnar Egilssonar rektors, hins þjóðkunna vísindamanns og skálds.

Sveinbjörn Egilsson var málsnillingur með afbrigðum á íslenska tungu, og engin vafi leikur á því, að Jónas Hallgrímsson og Jón Sigurðsson og ýmsir aðrir íslenskir menntamenn hafi átt sína málsnilld að þakka Sveinbirni. Kona Sveinbjarnar Egilssonar var Helga dóttir Benedikts Gröndals eldri, yfirdómara og skálds. En meðal sona Sveinbjarnar var Benedikt Gröndal yngri skáld, náttúrufræðingur og listamaður. Þau voru því systkini Benedikt Gröndal og Sigríður amma Sophusar.

Allflestir afkomendur Sveinbjörns Egilssonar hafa verið listfengir menn. Þeir hafa fengið við tónsmíðar og sjálfir verið söngmenn, skáld og hagnæmtir. Þeir hafa verið listamenn í skurði, mótun og litun. Þeir hafa margir verið ágætis skrifarar og þarf ekki að nefna annað en skrautrit Benedikts Gröndals og Björns læknis, föður Sophusar og smekkvísina í hans eigin handskrift.

Móðuramma Sophusar hét Ingbjörg Einaradóttir, systir Péturs Einarssonar, sem sýndi af sér afburða hreysti í heljarveðri á Mosfellsheiði fyrir nálega 60 árum. Um karlmennsku hans þar má lesa í



Iðunni í grein, sem séra Magnús Helgason skrifaði um þennan atburð. Móðurafi Sophusar Blöndal hét Carsten Möller, danskur lögfræðingur, sem dvaldi nokkur ár í Reykjavík á skrifstofu stiptamt-manns. Af þessu sést að Sophus Blöndal var vel ættaður maður.

Sophus Blöndal var útskrifaður úr Verzlunarskólanum í Reykjavík. Fór síðan til Kaupmannahafnar og lagði enn stund á verzlunarfræði í hinum alkunna Brocksverzlunarskóla (Köbmandskolen), en var jafnframt á skrifstofu hjá Sigurði Jóhannessyni, alkunnum íslenskum kaupmanni, sem rak stórverzlun við kjötsölu. Sigurður var ættaður af Austurlandi, blásnaður, en varð stórríkur í Kaupmannahöfn. Í þessum skrifstofustörfum hefir Sophus Blöndal séð og lært margt. Hann fór svo aftur heim til Íslands og var þá um tíma verzlunarmaður við Riisverzlun á Hvammstanga, sem hann reyndar hafði áður verið. Árið 1915 kom hann hingað til Siglufjarðar og varð þá verzlunarstjóri hér fyrir Snorra Jónsson á Akureyri. Nokkru seinna, eftir andlát, Snorra keypti Sophus Blöndal verzlunina og rak hana á eigin spítur í mörg ár. Svo hætti hann kaupmennsku og varð forstjóri við síldarsölu Ríkisins og hélt því starfi til dauðadags.

Sophus Blöndal var bráðgreindur og menntaður maður. Það var því ekki að furða, að honum yrðu falin mörg verk í þágu Siglufjardarkaupstaðar. Meðan hann var heilbrigður lét hann mörg mál til sín taka. Hann átti sæti í bæjarstjórn Siglufjarðar í nokkur ár, og var oft ómyrkur í máli. Hann var í niðurfjöfnunarnefnd og formaður í sóknarnefnd um allmörg ár til dauðadags. Hann átti drjúgan þátt í því, að koma upp hinni stóru og fallegu kirkju, sem nú hefir verið byggð hér í Siglufirði.

Hann hafði um nokkur ár ritstjórn á blaðinu „Fram“ og fór það smekklega úr hendi.

Hann var um tíma fenginn til þess að gegna póstafræðslu og síðar ýmsum öðrum verkum, því að hann var starfhæfur á flesta hluti.

Hann var þýzkur konsull í allmörg ár. Því startu hefir þó líklega ekki fylgt mikill vandi, en reyndi á þróðmennskuna og hún sveik ekki.

Sophus Blöndal var gleðskapar-

# Ávextir socialismans.

## Tveggja ára reynsla.

Kosningaloforðið :

**Alger útrýming atvinnuleysisins !**

og almenn velliðan verkalýðsins.

Efndirnar :

**Aldrei meira atvinnuleysi en nú!**

og almenn vanlíðan og fyrir-sjáanleg neyð meðal verkalýðsins !

### I.

#### Fjárhagur ríkisins.

Aldrei hafa fjármálahorfur hins ísl. ríkis verið jafnægilegar og nú. „Skipulagið“ socialistiska er búið að velta atvinnuvegunum í rústir og öll von um að geta greitt okurvexti erlendra lána og unsamdar afborganir, veltur á því, hvað hægt muni að pína út úr mergsognum skattþegnum, atvinnurændum eða margsviknum um atvinnu. Ríkisreksturinn fer nú allur fram eftir ströngustu prinsípum og teorum socialismans, svo ekki þarf því um að kenna, að kapitalistar og íhalds-

maður en stillti þó öllu í hóf. Hann var góður söngmaður og studdi mjög sönglíf hér. Hann var giftur Ólöfu dóttur Hafliða sál. Guðmundssonar, hreppstjóra hér í Siglufirði. Hafliði var valinkunnur heiðursmaður og betri dreng hefi eg ekki þekkt í þessum firði.

Þau Sophus Blöndal giftust 1. júlí 1916 og eiga tvær dætur, Sigriði og Sveinbjörgu.

Sophus Blöndal lifði mjög ástúðlegu heimilslífi og var með afbrigðum indæll eiginmaður og faðir.

G. T. H.

lýður séu að kippa í stjórnartaumana og klándra með því skipulagið. Atvinnurekstrinum er öllum kippt úr höndum einstaklinganna. Þeir fá að visu að útvega rekstrarféð, og hafa alla áhættuna, en þegar þeir eru búnir að draga framleiðsluna úr skauti jarðarinnar eða djúpi hafsins kemur margörmuð ófreskja socialismans og bremmir allt. Einstaklingarnir eru þrælarnir, sem eiga að afla nauðsynjanna. Socialisminn selur þær eftir sínu „skipulagi“. Nefndirnar sjá um það. Nefndir, skipaðar hálaunuðum bitlingaþrælum skipulagsins.

Ef skattþíningin bregzt, er allt í fari. Atvinnuvegirinn, sem áður héldu við fjármagninu, eru lamaðir — getulausir. „Skipulagið“ hefir drepið þá. Fjárhagslegt hrun er yfirvofandi.

### II.

#### Sjáfarútvegurinn,

sem um hálfu síðustu öld hefir verið meginstöð og stytta fjárhagslegrar orku þjóðarinnar og aflvaki allra andlegra og verklegra framfara hins örþroska tímabils síðustu áratuga, hefir nú, fyrir pólitískar vammir og markvísar og skipulagðar álygar og ofsóknir sósíalístan-na, verið lamaður og gerður óstarfhæfur. Nú hafa þeir náð markinu. Með pólitískum ofsóknum, löggjafarkúgun og skattþíningu, sem stappar nærri fullkomnu eignaráni, háspennnum tollum á öllum útgerðarvörum, ósvifnum útflutningsgjöldum, og svo látlausum rógi og álygum um forvígismenn íslenzkrar útgerðar, og þeirra, er útvegað hafa erlendan markað fyrir afurðirnar, sífelldum áróðri um arðrán atvinnuveitenda og með fleiri álíka heiðarlegum meðulum, hefir hinum sameinuðu sósíalísku skemmdaröflum þjóðfélagsins, tekizt að grafa undan öllum grunnmúrum, er þessi aðalatvinnuvegur var á reistur, og leggja hann í rústir. En þegar hið sósíalísta apparat, sem við á að taka, er sett í gang, klikkar allt. Allt hrynur í djúp eymdar og þjóð-